



Reykjavík, 13. mars 2008

Alþingi
Erindi nr. P 135/1817
komudagur 14.3.2008

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um breyting á lögum nr 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, 401. mál 135. löggjafarþings

Í bréfi dagsettu 4. mars sl. er óskað umsagnar Olíudreifingar ehf. á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Olíudreifing ehf á 2 olíuflutningaskip, olíuafgreiðslubátinn Laugarnes sem gert er út af félaginu og olíuskipið Keili, sem gert er út af Berg shipping spf í Færeyjum, vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa ekki skapað kaupskipaútgerðinni það starfsumhverfi að hægt sé að gera út kaupskip í alþjóðasamkeppni undir íslenskum fána.

Félagið fagnar þeim breytingum sem verið er að gera í skirteinamálum sjómanna, því oft hafa hlotist tafir og umstang af því að opinberar stofnanir þurfi að viðurkenna réttindi manna sem ráðnir hafa verið um borð, stundum með skömmum fyrirvara ef óvænt atvik koma upp hjá áhafnarmeðlimum. Í framhaldinu þarf að gera skýrar leiðbeiningar til útgerðaraðila um hvaða ríki falli undir þetta ákvæði og sömuleiðis þyrfti að vera að hægt að nálgast sýnishorn af útliti atvinnuskírteina hvers lands á þægilegan hátt, t.d. á heimasíðu Siglingastofnunnar, svo útgerðir geti sannreynt að verið sé að framvísa skirteinum af réttri gerð frá viðkomandi landi.

Olíudreifing ehf hefur rekið olíuflutningaskip samkvæmt ISM-kóðanum í um áratug. Reynslan af því er afar góð og fagnar félagið því að hann skuli nú vera leiddur í íslenskan rétt og vonar að hann hafi jafn góð áhrif á vinnulag um borð í þeim skipum sem koma nú ný undir kóðann og hann hefur haft um borð í skipum félagsins.

Virðingarfyllt
f.h. Olíudreifingar ehf.,

Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Olíudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999